



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

14. árgangur 6.tbl.

Júní 2017



Hátíðarhöld í Brautarholti á Þjóðhátíðardaginn 17. júní

kl. 14:00 Skróðganga

Sprell og leikir á íþróttavellinum.
Hefðbundinn koddaslagur í sundlauginni.
Þátttakendum er bent á að hafa með sér
aukaföt.

kl. 15:30 Hátíðardagskrá í félagsheimilinu, Brautarholti.

Sr. Óskar H. Óskarsson flytur hugvekju
Ávarp fjallkonu
Hátíðarræða
Hátíðarkaffi í boði sveitarfélagsins

Gleðilega þjóðhátíð!
Nefndin





Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00

486-6100 - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - starfsmaður

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5.ágúst 2017.

Ekki er gefið út Fréttabréf í júlí

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsinu, Brautarholti.



Opið alla fimmtudaga kl. 20:00 - 22:00!

Lokað frá 15. júní og fram til 24. ágúst.

Þá komum við fersk aftur í lesturinn!

S: 486-5505

Netfang bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>



Heilsugæslan í Laugarási s. 432-2770

Opið virka daga kl. 08:00 -16:00

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Lyfjaendurnýjun hjá ritara kl. 8:00 — 9:00 í síma 432 2020

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Lyfja– útibú í Laugarási

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, kl. 10-13.

Sími í Lyfju — Laugarási 486-8655

Opnunartími gámasvæða

Gámasvæðið við Árnes opið:

Þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Gámasvæðið í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Gámasvæðin eru móttökustöðvar en ekki flokkunarstöðvar.

Flokkum heima og leggjum svo af stað á gámasvæðin ☺

Heyrúlluplastið verður að vera hreint og pakkað (í pokum) og flatgryfjuplastið verður einnig að vera hreint og pakkað ef það á að fara í endurvinnslu.

Setjið plastið í stórsekki eða poka hvort sem það er hreint eða skítugt - það er mikilvægt!

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru staðsettir á gámasvæðunum í Brautarholti og Árnesi. Opnir allan sólarhringinn.

Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa
Alla daga, allan daginn.

(Til vinstri á heimreið fyrir framan gróðurhús.)

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Jón Sigurdsson, umsjónarmaður gámasvæðanna

893-7016 eða 462-5301.



Skeiða og Gnúpverjahreppur

**Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson sími:
859-9559.**



Sumarlokun skrifstofu sveitarfélagsins sumarið 2017.



Skrifstofan verður lokuð frá 10.– 26. júlí
vegna sumarleyfa starfsmanna.

Starfsmaður Áhaldahúss, Ari Einarsson, er á vakt með
síma 893-4426 og ari@skeidgnup.is og tekur hann
einnig við pöntunum í Gljúfurfurleit, Bjarnarlækjarbotna
og Tjarnarver.

Ari Thorarensen sér um bókanir í Klett og Hallarmúla
sími 898-9130 eða arith@simnet.is

Ef erindi eru brýn má hafa samband við oddvita í
síma 895-8432.

**Öll erindi sem lögð eru fyrir sveitarstjórnarfundi
eru aðgengileg á netinu. <http://skeidgnup.is/fundargerdir>**

Gömlu gangstéttarhellurnar sem skipt var út við
Félagsheimilið Árnes eru út á gámasvæðinu við
Tvísteinabraut. Ef einhver hefur not fyrir þær þá er það
sjálfsagt og þær eru gefins. Fyrstur kemur fyrstur fær. ☺

Sveitarstjóri.



Landsvirkjun

LANDSNET



Hvammsvirkjun

Kynning vegna mats á umhverfisáhrifum og deiliskipulags

Kynnt verður frummatsskýrsla um framkvæmdina og tillaga að deiliskipulagi. Fyrirkomulag fundanna verður þannig að upplýsingar um framkvæmdina verða á veggspjöldum og tölvuskjám og fulltrúar frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi/Rangárþingi ytra, Landsvirkjun/Landsneti og Eflu/Steinsholti verða á staðnum til að svara fyrirspurnum.

Nú hefst opinbert ferli þar sem almenningur getur sent inn ábendingar og athugasemdir. Við hvetjum alla áhugasama til að kynna sér verkefnið.

Allir velkomnir.

Opið hús

í félagsheimilinu Árnesi

Miðvikudagur 14. júní
Kl. 15–21

Opið hús

á Hótel Stracta á Hellu

Fimmtudagur 15. júní
Kl. 15–21

Rafræn útgáfa af frummatsskýrslunni er aðgengileg á hvammur.landsvirkjun.is.

Sundmót skólans

Árlega í maímánuði er haldið sundmót í Brautarholti. Þá keppa nemendur í 5.-7.bekk í skriðsundi og bringusundi og er það samantlagður tími úr báðum sunaðferðum sem gildir. Í ár var það Haukar Arnarsson sem vann í strákaflokki en Guðný Vala Björgvinsdóttir í stúlknafllokki. Hér fyrir neðan má sjá tímamann í 3 efstu sætum:

Stúlkur

1. sæti Guðný Vala = 60,5 sek.
2. sæti Elín Ásta = 61,4 sek.
3. sæti Alda Sól = 63,4 sek.

Drengir

- Haukur = 60,3 sek.
- Valdimar = 74,7 sek.
- Þrándur = 78,2 sek.

1.- 4.bekkur í heimsókn í Geldingaholt



Eitt af markmiðum skólans er kynning á nærumhverfi nemenda. Á vordögum var búið að fjalla aðeins um sauðfjárliti og helstu vandamál sem geta komið upp á sauðburði. Í kjölfarið fóru 1.-4. bekkur í heimsókn í fjárhúsið í Eystra-Geldingaholti þegar sauðburður stóð sem hæst. Það eru forréttindi að hafa fjárhús til að heimsækja í göngufæri við skólann.

Veðurguðirnir voru okkur hliðhollir þrátt fyrir svolítinn blástur sem við fengum í bakið á heimleiðinni. Nemendum var skipt í tvo hópa og var annar hópurinn í fjárhúsinu og hinn úti við leik, en svo háttar til að spennandi lækur rennur rétt við fjárhúsið í ævintýrlegu umhverfi.



Bæði lömb og lækur höfðu mikið aðdráttarafl og komu börnin sæl og glöð til baka í skólann eftir vel heppnaða fjárhúsferð.

Kveðja, Matthildur og Árdís

Landgræðsluferð

Föstudaginn 19. maí héldu 5. 6. og 7. bekkur gangandi á Skaftholtsfjall í blíðskaparveðri. Þar athuguðum við vistheimtsverkefnið sem við vinnum að í samstarfi við Landgræðsluna. Við settum ný bönd á þá reiti sem við erum með afmarkaða, merktum einnig staura með númerum upp á nýtt. Tilraunareitirnir líta vel út og það er gaman að sjá hvar gróður tekur bolfestu. Sigbrúður frá Landgræðslunni og Rannveig Magnúsdóttir frá Landvernd voru með okkur í ferðinni en þær halda utan um verkefnið. Einnig tökum við þátt í nýju alþjóðlegu verkefni og byrjaði það þennan dag. Verkefnið gekk út á að við settum niður tvær tegundir af tepokum með mismunandi millibili og í mismunandi jarðveg. Ætlunin er að fylgjast með niðurbroti tepokanna. Sýnin verða svo seinna meir send út til athugunar. Við erum fyrsti skólinn á landinu sem tekur þátt í þessu verkefni.

Skógarferð – Skógarhlaup og sull

Síðasta skógarferð vetrarins er jafnframt sú sem er mest spennandi í augum barnanna í skólanum. Þá er byrjað á því að taka þátt í skógarhlaupi, eldri nemendur hlaupa 5 km og þau yngri 2,5 km. Eftir hlaupin mega þeir nemendur sem vilja sula í Sandá.



Vorferð nemenda

1.-4. bekkur fór í vorferð ásamt Kristínu, Lilju og Matthildi. Farið var á söguslóðir í Áshildarmýri, í fjósið á Reykjum og í Sandlækjarkot þar sem börnin fengu að leika sér með kiðlingunum og grillaðir voru hamborgarar.



5. 6. og 7. bekkur fór í árlegt vorferðalag ásamt umsjónarkennara sínum Hafdís, og þeim Kjartani og Hrafnhildi. Við byrjuðum í Skálholtskirkju. Þar tók sr. Halldór Reynisson á móti okkur. Hann fór yfir sögu staðarins og kirkjunnar. Við fengum að skoða kistuna í kjallaranum og fara í gegnum leynigöngin sem þar eru.

Svo var haldið að Gullfossi. Eftir það var snæddur hádegismatur á veitingastaðnum Geysir Glíma. Við skoðuðum hverina Strokk og Geysi.

Veðrið var með eindæmum gott á meðan á ferðinni stóð en alls staðar í kringum okkur rigndi mikið.

Nemendur urðu samt hundblautir en það var vegna þess að þegar að Strokkur gaus jós hann yfir þau vatni.

Við þökkum sr. Halldóri fyrir mjög góðar móttökur í Skálholti en hann fór á kostum, lék fyrir nemendur og fræddi þá á skemmtilegan hátt. Einnig fengum við frábærar móttökur á Geysi Glímu.

Stjanað var við okkur eins og við værum höfðingjar.

Dagurinn var mjög vel heppnaður og haft var á orði hversu kurteisir og þrúðir nemendur okkar væru.

5.6. og 7. bekkur með kennurum á Geysissvæðinu. →

Skólaslit

Skólanum var slitið þann 30. maí. Þá var sýning á verkum nemenda í Árnesi og veitt voru m.a. verðlaun fyrir háttvísi. Starfsfólk Þjórskóla velur árlega tvo nemendur einn af yngra stigi og einn af eldra stigi sem hljóta hátternisverðlaun.



Þetta árið voru það Vésteinn Loftsson í 3. bekk og Guðný Vala í 7. bekk sem tóku við verðlaunum.



Þessir flottu nemendur í 7. bekk voru útskrifaðir, þeim halda námi sínu áfram í Flúðaskóla í haust. Þau komu Hafdísi umsjónarkennaranum sínum á óvart eins og þeim einum er lagið.

Við óskum þessum flottu ungmennum alls hins besta í framtíðinni.



Skólinn verður settur mánudaginn 21. ágúst

Takk fyrir veturinn
Kristín og Bolette



Árnes Café

Höfum opnað kaffihús í félagsheimilinu Árnesi!
Súpur úr hráefni úr héraði heimabakað brauð, kökur
og kræsingar - kaffi, kakó og léttar veitingar.

Hvað er betra en að gera sér glaðan dag, já eða lyfta
sér upp með því að skella sér í Árnes Café og hafa það huggulegt!

Opið alla daga frá 10 - 20 (mögulega lengur á kvöldin.)

Ólöf og Birgir

s.845-8116/845-9116



Gönguferðir Kvenfélags Gnúpverja.

Nú er kominn tími til að reima á sig gönguskó, því útivistarnefnd kvenfélags
Gnúpverja er búin að skipuleggja tvær gönguferðir í júní. Sú fyrri var 7. júní kl
19.30, þá hittumst við á Stöðulfelli þar sem Hrafnhildur fylgdi okkur upp á
Stöðulfellið.

Seinni júní gangan er þann 28. júní kl 19.30. Þá verður gengið frá
Þjósárskóla yfir Hamraholt og upp í Steinsholt.

Allir velkomnir

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðauðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Árnes Breakfast

07:00-10:00

Bjóðum upp á morgunverð
í félagsheimilinu í Árnesi
alla morgna frá
6.júní - 3.ágúst
petajonsd@gmail.com
S:899-2910



Pizzavagninn er með

heimasíðu www.pizzavagninn.is
einnig er hægt að fylgjast með
okkur á facebooksíðunni okkar.

Sími 899-2910



Korngrís frá Laxárdal

Seljum svínakjöt í hálfum
skrokkum fullunnið eða
óunnið eftir óskum hvers og
eins. Pantanir sendist á
korngris@korngris.is
Erum á facebook.



Bókun:

Þau mistök voru gerð í fundargerð sveitarstjórnar nr. 33 þann 7. sept. 2016 að ekki var getið allra í fundargerðinni sem sóttu um Þjórsárdalslaug.

Bókunin var eftirfarandi:

“2. Umsóknir um leigu Reykholtslaugar í Þjórsárdal. Eftir auglýsingu sendu eftirtaldir fimm aðilar inn umsókn um leigu laugarinnar. Elín Moquvist, Ólafur Freyr Ólafsson, Rauðikambur ehf, Valdimar Jóhannsson og Sigfús Brynjar Sigfússon.” Tilvitnun lýkur.

Leiðrétting

“2. Umsóknir um leigu Reykholtslaugar í Þjórsárdal. Eftir auglýsingu sendu eftirtaldir fimm aðilar inn umsókn um leigu laugarinnar. Elín Moquvist, Ólafur Freyr Ólafsson, Rauðikambur ehf, Valdimar Jóhannsson og Sigfús Brynjar Sigfússon, Josefine Denami, Vestra Geldingaholti, Guesthouse ehf, Guðmundur Arnar Sigfússon/ Arnon ehf, Sten Bastman, Orsa Svíþjóð.“ Tilvitnun lýkur. Hér með er þetta leiðrétt og beðist er velvirðingar á ef einhver óþægindi hafa hlotist af.

Fundarritari sveitarstjórnar.

Kristófer Tómasson.

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting —

Vaxmeðferðir - Litun og plokkun.



**Tímappantanir í
síma: 856-1599**

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slökkvitæki@babubabu.is



Stóðhestar til notkunar í Vorsabæ 2

Hreyfill frá Vorsabæ 2 mun taka á móti hryssum á húsgangmáli til 25. júní.

Bygging: 8,50

Hæfileikar: 8,56

Aðaleinkunn: 8,54



Forseti frá Vorsabæ 2 mun taka á móti hryssum á húsgangmáli í vor og í girðingu í allt sumar.

Bygging: 8,39

Hæfileikar: 8,71

Aðaleinkunn: 8,58



Kjarkur frá Skriðu mun taka á móti hryssum í girðingu frá og með 26. júní 2017.

Bygging: 8,13

Hæfileikar: 8,53

Aðaleinkunn: 8,37



Upplýsingar veitir Björn í síma:
8619634 bjornjo@vorsabae2.is

Lífræni markaður Skaftholts

opnar laugardaginn 24. júní.

Markaðurinn verður opinn á laugardögum milli **kl. 14 og 17.**

Lífrænt grænmeti, ostur, egg og sitthvað fleira í boði.

Kveðja.

Guðfinnur



Frá SR grænmeti

Smiðjustíg 10 - Flúðum

Verðum með kálplöntur og kryddjurtir til sölu í heimagarða frá og með 20. maí, einnig áburð og akril í metravís.

Opið um helgar 10 – 16. Miðri viku 13 -16.

Símar 862-2374 og 486-1070.



Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181

www.arnesthing.is Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er María Kristjánsdóttir maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðukona heimaþjónustu sigrun@laugaras.is

Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.

Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.





Brokk og Skokk 2017 í Skaftholtsréttum 17. júní kl. 10:00 - 12:30



Búið er að tryggja veðurbliðuna
á Þjóðhátíðardaginn, því Brokk
og Skokk hefur alltaf verið
haldið í góðu veðri.



Hvert lið samanstendur af tveimur
knöpum og einum hesti.

Fjölskylduhringur 2,8 km.
Íþróttahringur 6 km.

Skráning á facebookhópnum,
Brokk og Skokk



UPPSPRETTAN



Laugardagur 17. júní

Kl. 10:00-12:30 Brokk og skokk í Skaftholtsréttum

Kl. 14:00 Þjóðhátíðardagskrá í Brautarholti

Sunnudagur 18. júní—Uppsprettagleði af ýmsu tagi í Árnesi

11:00 Leikhópurinn Lotta—Leiksýningin Litli ljóti andarunginn. Miðasala opnar kl. 10:30. Verð kr. 1000-, frítt fyrir 3 ára og yngri.

11:30-13:30 Sumargóðgæti úr sveitinni fyrir kjötætur og kenjótta . Verð kr. 500. Frítt fyrir 6 ára og yngri.

11:30-17:00 Bjástrað á bæjunum—sýning og sala á listmunum , munngæti og ýmsum varningi úr smiðju íbúa sveitarinnar og góðra gesta.

Fornbílasýning á vegum Bifreiðaklúbbs Suðurlands

Myndasýning— myndum úr byggðarlaginu varpað upp á vegg

12:00-14:30 Hoppukastali og klifurveggur með þremur erfiðleikastigum.

Uppsprettaþraut— skemmtilegur leikur fyrir alla fjölskylduna.

Hægt er að nálgast þrautablöð við barborðið.

13:00-14:30 Hestar—teymt undir börnum.

Geitur frá Hlíð verða á svæðinu, tilbúnar í klapp og kjass.

Skákmót—skráning fer fram á facebooksíðu Uppspretunnar og á staðnum ef enn verður rúm fyrir fleiri.

13:30-17:00 Árnes-Café opið. Á boðstólnum verða ljúffengar kræsingar fyrir svanga Uppsprettagesti.

14:30-15:00 Loka-athöfn og verðlaunaafhendingar.

Verið öll hjartanlega velkomin!



@uppsprettan.skeidgnup

í uppsprettaþækingnum og
á facebook má nálgast
myndagátu uppspretunnar



Kæru sveitungar.

Nú er rétti tíminn til að taka til ! Vorið hefur verið hlýtt og gróður á góðri leið.

Þá er um að gera að láta ekki rusl skemma fallega ásýnd landsins. Á þessu ári mun Landvernd leggja sérstaklega áherslu á plast og að tína það upp hvar sem til þess næst. Með því að tína það sem festist á girðingum og ofan í skurðum leggjum við okkar af mörkum.

Við búum í fallelgri sveit þar sem þróttmikill landbúnaður er stundaður. Því miður fylgir landbúnaði talsverð mengun, ekki síst af heyrúlluplasti.

Við verðum að vera vel á verði og ganga vel frá plastinu, það á ekki að láta sjást að skepnur gangi sjálfala í rúllur með plastinu utan á. Slíkt er bæði sóðaskapur fyrir umhverfið og varðar líka heilbrigði húsdýranna, því fátt er óhollara en plast í maga.

Elskum jörðina okkar og sumarið er tíminn, syngur Bubbi hér á bak við mig sem pikkar á tölvuna. Svo sannarlega og verum góð við jörðina okkar.

Hreinsunarvikur verða í Skeiða-og Gnúpverjahreppi frá 13. júní til 25. júní. Þær vikur skulum við nýta til að hreinsa upp allt drasl og koma því í rétta flokkun, taka upp gamlar og slitnar girðingar, þær eru líka stórhættulegar skepnum.

Með sumarkveðju!

Umhverfisnefnd.

Anna Flygenring form.

Hestamenn og aðrir sem vilja gista í Hólaskógi!

Ef þið viljið gista í **Hólaskógi á Gnúpverjafrétti** hafið þá samband við Sonju Huld Guðjónsdóttur með tölvupósti info@exstreimeiceland.is Heimasíðan www.holaskogur.is er einnig með upplýsingar um verð og annað.

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja

Við styðjum UMFG þegar við tökum þátt. **802**



Opið bréf til íbúa og sveitastjórnar.

Með þessu bréfi, til sveitarstjórnar og íbúa í Skeiða og Gnúpverjahreppi, vil ég koma á framfæri skoðunum mínum og athugasemdum vegna útleigu á svæðum í Þjórsárdal og nágrenni.

Aðdragandi er sá að í fyrra voru nokkrar af eignum sveitarfélagsins auglýstar til leigu. Minnst tvisvar var örstuttur fyrirvari og litlar eða jafnvel villandi upplýsingar fylgdu. Margar umsóknir bárust sveitastjórn frá íbúum og atvinnurekendum hér innan sveitar, þrátt fyrir stuttan umsóknartíma og vöntun á upplýsingum. Bæði Þjórsárdalslaug og Hólaskógur leigðust til utanaðkomandi aðila sem höfðu verið í viðræðum við sveitarfélagið um leigusamninga áður en auglýst var. Fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu fá þannig forgang á eignir sveitarfélagsins. Er það þannig sem við viljum skapa vaxandi samfélag? Gefa burt perlur til fólks af höfuðborgarsvæðinu með litla tengingu við dalinn í samanburði við heimamenn.

Sem ungur atvinnurekandi hér er þetta mjög áhugaverðir staðir fyrir okkur, bæði í leik og starfi. Dalurinn, sagan og merkileg nátturan skiptir okkur máli. Svæðið er einnig mikilvægt fyrir marga aðra íbúa sem eiga þar reglulega leið um dalinn, hafa tengingu og tilfinningar við það sem finnst þar. Þjórsárdalur er ekki bara fyrir ferðaþjónustuna og alls ekki fyrir „massatúrisma“ í mínum augum.

Það eru margir kostir við að gefa heimamönnum tækifæri. Sá stærsti er sú þekking og tenging við svæðið og að vilja passa upp á það sem er þegar fyrir hendi þar. Innan sveitarfélagsins er líka margt fólk sem kemur hlutum í verk, tala ekki bara og lofa gulli og grænum skógum. Hvernig sjá fyrirtæki sem koma utan samfélagsins til hagsmuna íbúanna? Hvaða ávinning hefur sveitastjórnin af því að afhenda samningana sem þessa til utanaðkomandi stórfyrirtækja?

Eitt af þessum fyrirtækjum má segja að haldi Þjórsárdalslaug í gíslingu.

Hitt hefur þegar hækkað verðið á gistingu fyrir önnur fyrirtæki í hreppnum sem nýta þjónustuna þar og erfiðara er fyrir okkur komast að til að nýta.

Þegar ungt fólk kemur sér fyrir er jákvætt að það fái sömu möguleika og allir hinir. Að utanaðkomandi fyrirtækin fái margra mánaða forskot á umsóknir sínar og svo séu auglýsgarnar settar út með stysta mögulega fyrirvara gefur okkur ekki sanngjarna möguleika. Það lítur ekki út fyrir heldur að það hafi nokkurn tímann verið ætlunin að láta nokkurn annan fá þessa samninga.

Þannig að við sem erum hér fyrir vorum bara að kasta tíma okkar á glæ með því að reyna að afla okkur upplýsinga og senda inn umsóknir. sem fær það tækifæri. Þess vegna hvetjum ég til opinnar umræðu um þetta áður en allt er of seint.

Áður en það er skrifað undir samninga upp á tugi ára og kannski hálfa öld. Þá er of seint að bregðast við. Viljum við virkilega vera sveitarfélag sem sleppir inn „það gengur ekki“, þegar allir hafa hingað til séð til þess að hlutirnir séu gerðir? Á þetta verða nýja mottóið hérna? Eigum við virkilega að skrifa þessa langtímasamninga áður en við vitum meira um hver á að stýra perlonum okkar? Ég vona að fleiri láti í ljós skoðanir sínar áður en það er of seint.

Josefine Denami, Vestra-Geldingaholti.

Guesthouse Denami

Guesthouse Denami - Vestra-Geldingaholt
www.denami.is — josefine@denami.is



Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!
Er komin aftur til starfa og verð við á miðvikudögum eða eftir samkomulagi.

Tímapantanir í síma: 863-0433

Allir velkomnir

Sólveig Jóhannsdóttir

Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Sumarið í Skálholti – tónlist, miðaldakvöldverður, pílagrímar og sögur

Í sumar verður fjölbreytileg dagskrá í Skálholti, Sumartónleikarnir eru á sínum stað, Skálholtshátíð 23. Júlí og pílágrímagöngur, jafnt frá Bæ í Borgarfirði, Þingvöllum og Strandakirkju sem enda á Skálholtshátíð. Einnig verður boðið upp á þá nýbreytni að bjóða upp á „Sumarkvöld í Skálholti“ en þá koma góðir gestir sýna og segja frá ýmsu markverðu á staðnum eða úr sögu hans.

Opinn miðaldakvöldverður verður haldinn föstudagskvöldið 23. júní og geta allir komið og tekið þátt, sjá nánar á www.skalholt.is

Sumartónleikarnir hefjast fyrstu helgina í júlí eða 3. júlí en þá verður m.a. flutt kórverkið Ljósbrott sem er samið um glugga Skálholtsdómkirkju. Tónleikarnir verða svo allar götur til 6. ágúst og eru tónleikadagarnir oftast um helgar. Sjá nánar á heimasíðu Skálholts.

Fyrsta pílágrímaganga sumarsins í Skálholt hófst sunnudaginn 28. Maí í Strandakirkju en síðan er gengið fjóra sunnudaga í júní júlí, næst 11. Júní. Sjá nánar á heimasíðu Skálholts og á vef Ferðafélags Íslands.

„Sumarkvöld í Skálholti“ verða á miðvikudagskvöldum og verður það fyrsta 28. júní en þá mun Guðríður Helgadóttir segja frá ræktun í Skálholti og kenna þátttakendum að lesa jurtir á staðnum.

Hún verður svo aftur viku seinna eða 5. júlí, en 12. júlí kemur Sveinn Einarsson f.v. þjóðleikhússtjóri og segir frá því þegar kista Páls biskups fannst í Skálholti.

Hildur Hákonardóttir veflistakona segir frá listaverkum Skálholtsdómkirkju 19. júlí en síðasta miðvikudagskvöldið, 26. júlí segir Bjarni Harðarson sögur af skemmtilegu og skrítnu fólki í Skálholti.

Á eftir verður kaffiterían opin og er hægt að kaupa þar veitingar.

Skálholtsstaður.





HRUNAPRESTAKALL

Ágætu sveitingar.

Fermingar fóru fram á hvítasunnu en alls voru tíu börn fermd í tveimur athöfnum í Hrepphólakirkju og Hrunakirkju. Áður, á sumardaginn fyrsta, voru tvö börn fermd. Þau sem fermdust á hvítasunnu eru:

Aron Ernir Ragnarsson, Efra-Langholti, 845 Flúðum

Eypór Orri Árnason, Vesturbrún 6, 845 Flúðm

Hjörný Karlsdóttir, Skipholti 1, 845 Flúðum

Laufey Ósk Grímsdóttir, Ásatúni, 845 Flúðum

Milena Jozefik, Högnastíg 6, 845 Flúðm

Páll Magnús Unnsteinsson, Langholtskoti, 845 Flúðum

Una Bóel Jónsdóttir, Vesturbrún 21, 845 Flúðum

Þorvaldur Logi Einarsson, Miðfelli 2a, 845 Flúðum

Auðunn Magni Björgvinsson, Laxárdal 1a, 801 Selfoss

Iðunn Ósk Jónsdóttir, Ásum, 801 Selfoss

Síðasta messan fyrir sumarfrí verður útimessa í Steinsholti sunnudaginn 25. júní kl. 11. Síðan eru fyrstu messur eftir sumarleyfi í Tungufelli sunnudaginn 13.

ágúst kl. 14 og hestamannamessan sem að þessu sinni verður í Hrepphólakirkju (vegna framkvæmda á Stóra-Núpskirkju) sunnudaginn 20. ágúst kl. 14.

Að venju leggur hópreið af stað frá Hruna kl. 11:30, væntanlega með viðkomu í Hlíð.

Að lokum vil ég geta um eftirminnilega ferð sem Kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna fór ásamt organista og presti norður í Eyjafjörð nú í byrjun maí. Erindið var að gera sér glaða daga saman og syngja messu í Grundarkirkju en sálmaskáldið sr. Valdimar Briem var fæddur á Grund í Eyjafirði. Hópurinn fór í dagsferð til Húsavíkur með viðkomu á nokkrum stöðum og var þar undir styrkri leiðsögn Önnu K. Ásmundsdóttur. Veðrið lék við okkur, sannkölluð himnabliða og Eyfirðingar tóku á móti okkur Sunnlendingum af rausnarskap.

Með ósk um blessunarrikt sumar.

Óskar Hafsteinn Óskarsson





Leikholtsfréttir í maí 2017

Í maí mánuði er búið að vera mikið um að vera, blómadagur, lamabaferðir og vorhátíð. Tíminn er nýttur mikið til útiveru og ýmislegra útverkefna þegar veðrið er gott eins og að setja niður kartöflur ☺

Þann 9. maí fóru Heklubörn ásamt starfsmönnum í lambaferð til Elínar og

Alla á Húsatóftum. Þau tóku vel á mótu okkur leyfðu okkur að sjá nýfædd lömb og klap-
pa þeim. ☺V ið þökkum Elinu og Alla kærlega fyrir.





Fíðrildahópur í lambaserð



Þann 16. maí fóru Vörðufellsbörn ásamt starfsmönnum í góða göngu að Hlemmiskeiði þar sem þau fengu að skoða hin ýmsu dýr hjá Jóhönnu og Snæbirni. Þeim var svo boðið heim til þeirra að leika og fá grillaðar pylsur og djús í hádegismat áður en lagt var aftur að stað í Brautarholt.

Við þökkum Jóhönnu og Snæbirni kærlega fyrir gestrisnina. Börnin voru alveg einstaklega dugleg að ganga báðar leiðir og áhugasöm að skoða dýrin, þetta var með eindæmum gott ferðalag





Vínahópur í lambaferð





Skósvéinahópur í lambaférd

Þann 2. júní var Vorhátíð í Leikholti, foreldrar og aðrir gestir komu og borðuðu pylsur með börnunum sínum, kíktu á þrautabraut í salnum, fengu sér ís og fylgdust með blöðrumanni sem bjó til alls konar figúrur handa börnunum. Á Vorhátíðinni fengum við Grænfánan afhentan í 3. sinn og útskrifuðum elsta árganginn okkar 8 börn fædd 2011 sem fara öll í grunnskóla í haust. Við þökkum þeim Alexíusi Mána, Árunu Emmu, Hrafni Óla, Jörundi Tadeo, Kristínu Ágústu, Magnúsi Erni, Óðni Þór og Tryggva Hrafni, kærlega fyrir samveruna í Leikholti og óskum þeim velfarnaðar í framtíðinni. Leikholt er opið í júní og verður aðal áherslan á að sinna öðruvísi verkefnum og færa starfíð meira út

Leikskólinn fer síðan í sumarleyfi þann 1. júlí og opnar aftur þriðjudaginn 8. ágúst.

Með gleði, virðingu og vinsemd fyrir hönd allra í Leikholti, Elín Anna ☺



Afhending Groenfanans 



Útskriftarhópurinn frá Leikholti 2017



Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider Glampi kostar
nú nýr 199.900 m/vsk

Virkislausir hnakkurinn Heba 149.000 m/vsk

Velkominn að skoða eða sækja prufuhnakk hjá okkur í Vestra-
Geldingaholti



www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfús
698 70 90 Josefíne



www.Híalín.is
Klassísk snið með
silkiprentuðum munstrum
sem hafa beina skírskotun
í íslenska náttúru.



Húfur, peysur, bolir og leggings.

Kíktu í heimsókn og verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689 og
vilmarius13@gmail.com



Á bak við eldavélina!

Nú er áskorunin hjá Ágústi Guðnasyni á Brúnum. Hann skellti sér til Tælands í útskriftarferð og hafði ekki tíma til að senda inn uppskrift, en við bíðum róleg og skorum á hann í staðinn að koma með í næsta Fréttabréfi spennandi tælenskan rétt! ☺



Smelli grilluðum laxi núna á meðan við bíðum ☺

Margir eru hræddir við að grilla lax beint á sjóðandi heitu grilli og eru með grillbakka eða álpappírsvasa en það er algjör óþarfa hræðsla, segja kokkarnir.

Það er nauðsynlegt að hafa grillið rjúkandi heitt og leyfa laxinum að liggja óhreyfðum í 2-3 mínútur, snúa honum svo við með spaða og leyfa honum að klára að eldast á roðhliðinni í 2-3 mínútur í viðbót. Hann getur átt það til að festast aðeins við grillið en á meðan hann er á roðinu er engin hætt á að hann detti í sundur.

Gott er að vera vopnaður góðum spaða og þá er ekkert mál að ná honum svo beint af roðinu sem verður eftir á grillinu og færa hann upp á fat. Það er líka algjört grundvallaratriði að ofelda ekki svona fiskmeti.

Takið laxinn því af grillinu rétt áður en þið haldið að hann sé tilbúinn og leyfið honum að jafna sig á disk í 5-10 mínútur áður en hann er borinn fram.

Marinering

- 2 msk dijon sinnep
- 1 msk hunang
- 4 msk sojasósa
- 6 msk ólífuolía
- 1 hvítlauksrif, rífið eða smátt saxað
- Lax – tvö frekar lítil flök og dugðar marinerungin vel á þau.

Saxaður vorlaukur til að strá yfir að lokinni eldun



Aðferð:

Breinhreinsið laxaflökin og skerið þau í passlega bita. Hrærið öllu innihaldinu í marinerunguna saman og hellið helmingnum af marinerungunni yfir laxinn.

Látið standa í 10 mínútur og grillið svo á vel heitu grilli, fyrst á fiskhliðinni, snúið honum við eftir 2-3 mínútur og klárið að elda á roðhliðinni.


Takið laxinn af roðinu og berið fram með restinni af marinerungunni, söxuðum vorlauk, einföldu fersku salati, og góðu brauði eða kartöflum.

Kv. Kidda.

Þjónusta vegna ljósleiðara!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhalda Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.

skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson.



Menn og málefni!



Stefán Hansen Daðason frá Birkikinn og Katrín Gyða Guðjónsdóttir eignuðust sitt annað barn þann 17. maí s.l. sem vó 3070 gr. og 48 cm. Það stúlka sem hefur fengið nafnið Emelía Rós Hansen. Fyrir eiga þau Daníel Frey Hansen sem verður tveggja ára í september n.k. Og við óskum þeim innilega til hamingju með stúlkuna.



Selsselja Hansen Daðadóttir, Birkikinn, frænka Emelíu Rósar, útskrifaðist sem stúdent af almenntri braut frá Fjölbrautarskóla Suðurlands þann 26. maí.

Svo eru nokkur ungmenni sem útskrifuðust þann 27. maí s.l. en það eru þau: Ágúst Guðnason á Brúnum sem útskrifaðist stúdent af félagsfræðabraut frá Menntaskólanum að Laugarvatni.

Hugrún Emla Sigurðardóttir frá Öxl útskrifaðist sem stúdent frá Menntaskólanum við Hamrahlíð, af félagsfræðabraut.

Og Pröstur Almar Þrastarson, Ásum útskrifaðist stúdent af náttúrufræðabraut einnig frá Menntaskólanum við Hamrahlíð.



Svo eru það félagarnir Einar Kári Sigurðsson, Öxl, Einar Ágúst Ingvarsson, Fjalli og Bergsveinn V. Ásmundsson, Norðurgarði. Þeir luku 10. bekk við Flúðaskóla þann 1. júní s.l. og eru því útskrifaðir úr grunnskólanum.



Þá lauk Hulda Einarsdóttir úr Hamragerði 11, BA prófi í arkitektúr frá Listaháskóla Íslands þann 10. júní.

Við færum þessu glæsilega námsfólki innilegar hamingjuóskir með áfanga sína og óskum þeim velfarnaðar í framtíðinni.

(Látið vita af fleiri útskriftum fyrir næsta Fréttabréf. Besta kveðja khg)

Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:

Frá Reykjavík kl. 9:00 alla

virka daga- með viðkomu á Selfossi

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com

Landflutningar
SAMSKIP



facebook

www.landflutningar.is

Sumar 2017

<http://www.fontana.is>

LAUGARVATN
fontana
Heilsulind frá landnámi

9. júní - 20. ágúst .

Opið alla daga frá kl.10:00 - 23:00

Krafturinn úr náttúrunni hjálpar þér að ná jafnvægi!

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Rúlluplast, rúllunet, stæðuplast

PolyStr

Verð án vsk
Kr. 9.618,-

Brettaafsláttur



Lavand

Verð án vsk
Kr. 9.618,-

Brettaafsláttur

7-layer
15 months
UV-stable
virgin material



PolyWrap rúllunet 1,23 * 3000



Verð án vsk
Kr. 19.390,-



Stæðuplast / Undirplast

- 10 x 50 - 12 x 50
- 14 x 50 - 16 x 50
- 18 x 50 - 20 x 50

Stæðuplastið er svart/hvitt 150 µm
Undirplastið er transparent 40 µm

Rúllubindigarn / Stórbaggagarn



Rúllutape



Gunnbjarnarholti – 801 Selfoss
480 5600 – landstolpi.is

Sumaropnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi!
Neslaug S: 486-6117 **Skeiðalaug S: 486 5500**

Neslaug

Sumaropnun 01. júní—31. ágúst

Opið - Open

Mánudaga: Mond.

LOKAD - Closed

Þriðjudaga: Thuesd.

07:00 - 10:00 & 14:00 -22:00

Miðvikudaga: Wed.

07:00 - 10:00 & 14:00 - 22:00

Fimmtudaga: Thirsd.

07:00 - 10:00 & 14:00 - 22:00

Föstudaga: Fri.

07:00 - 10:00 & 14:00 - 18:00

Laugardaga: Sat.

10:00 - 18:00

Sunnudaga: Sun.

10:00 - 18:00

www.skeidgnup.is

www.sundlaug.is

Eyþór Brynjólfsson s: 897-1112

**Umsjónarmaður Neslaugar
eythorb@gmail.com**

**Vörur tengdar sundi seldar
í afgreiðslum lauganna.
**Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.****

Skeiðalaug

Sumaropnun 01. júní—31. ágúst

Opið - Open

Mánudaga Mon. 16 - 22

Þriðjudaga Thuesd. 16 - 22

Miðvikudag Wed. 16 - 22

Fimmtudaga Thu. 16 - 22

Föstudaga Frid. 16 - 22

Laugardaga Saturd. 10 -12 & 14 -18

Sunnudagar Sund. 10 -12 & 14 -18

Neslaug og Skeiðalaug eru á

facebook

Fylgist með þar ☺

**Umsjón með Skeiðalaug.
Southcentral ehf s: 663 4666
www.southcentral.is**

**www.skeidgnup.is
www.sundlaug.is**

